

Framhald af bls. 9.

Kjarval, er hann málaði myndina „Kona með barn á armi“ eins og skýrt verður ráð hér á eftir.

Í bók sinni um Jóhannes Kjarval lýsir iðfundur, Thor Vilhjálmsson, vinnustofu meistarans og segir þar m.a.: Víða eru myndir af mönnum sem af hverjum ástæðum hafa sótt á huginn, persónur úr viðburðum daganna þá gömul kynni... Á mörgum stöðum eru greinar úr blöðum veggfestar, ljóð. Stundum gæti flogið í hugann, að myndirnar og dagblaðsnipsin væru til þess að summa upp dægurmál samfélagsins hverju sinni.“

Lýsingin er lengri þótt meira sé ekki tilfært hér. Þegar ég kom til Reykjavíkur í þeim árum eftir að við kynntumst, kom ég alloft inn í vinnustofu hans í Austurstræti. Minnst ég vel blaðsnipsinna og veggföstu myndanna sem Thor alar um. Dagblöð flæddu oft um öll jólf, sem bent gat til þess að Kjarval ylgdist vel með því sem gerðist í ringum hann. Vorið 1961 heimsótti ég hann í Austurstræti og þykist ég muna það rétt, að það hafi verið „blaðsnipsin“ með fréttirnar frá Kongó og myndir þaðan sem þá voru á veggjum vinnustofunnar, að minnsta kosti man ég greinilega eftir innrömmuðu greininni úr Morgunblaðinu, sem tilfærð var hér að raman með myndinni af Pauline Lumumba þar sem hún teygir upp hendurnar í örvæntingu.

Glæpirnir frá Kongó klingdu í eyrum og blöstu við augum meistarans og þukku smám saman til botns í viðvæmri sálu hans svo hann telur sig líga hlut að þeim eftir því sem hann agði sjálfur og vitnað er til hér að raman.

Tilfinningin um hlutdeild í glæpnum getur orðið að nístandi kvöl í líkingu við ársaukann sem sandsteinkornið eldur skeldýrinu komist það innundir kel þess. Bæði fara þau eins að, stamaðurinn og skelín; þau losa sig við árinð með því að búa til perlur. Mörg stperlan hefur orðið til af þessum orsökum, og þannig held ég að myndin kona með barn á armi“ hafi orðið til. Það henni er listamaðurinn að losa sig ndan meðsekt; losa sig við hlutdeildina í glæpnum og þar með sársaukann r sálinni og honum tekst það svo illkomlega að nokkrum árum eftir að myndin var máluð, kannaðist málarinn ekki við sjálft mótfívið, eins og áður var agt. Með það í huga sem sagt hefur verið um hugsanlega kveikju að myndinni skulum við virða hana fyrir okkur.


Í forgrunni myndarinnar blasir við vertingjakona í miklu uppnámi með amanhniþrað og skelfingu lostið barn vinstra armi, — hún snýr baki að horfendum. Hallinn sem er á konunni og hinar hvítu eða ljósu línur sem hún fmarkast af og eins og sveiflast í ringum hana valda því að áhorfandanm finnst hún á hraðri ferð útaf myndfletinum.

Hin þeldökka kona er með auðrakað höfuð, hvirfil og hnakka og egrakrullur í vöngum. Hún er ber niður ö mitti. Allt fer þetta saman við það em blöðin sögðu um útlit og hegðun kju Lumumba. Hún teygir frá sér ægri handlegg. Neðri hluti hans myndar útlínur á baki og sitjanða ggjandi manns í rauðum buxum sem yggir dökkan fót sinn út í hæggra horn myndarinnar, neðanverðrar. Framhand-

Framhald á bls 14.

UPPRUNI OG ÞRÓUN BYGGINGARLISTAR

Er íslenskt umhverfi kalt og hráslaglegt? Æ fleiri Íslendingar ferðast nú til útlanda, og það fer ekki hjá því, að mörg okkar spyrja þessarar spurningar, eftir að hafa virt fyrir sér gömul skrautleg hús og gróin hlýleg hverfi þar. Þegar heim kemur, blasa svo við okkur kaldranaleg og óskipuleg steinhús, grátt malbik með æðandi ófreskjum og óræktarblettir þar á milli. Við byrjum e.t.v. að afsaka okkur með því, að við höfum svo lítinn trjágróður, en afsakanir duga skammt til að bæta umhverfið. Við verðum einnig að leita annarra skýringa. Hafa arkitektar að einhverju leyti brugðist hlutverki sínu, eða er skýringin e.t.v. þveröfug, að þeir hafi ekki fengið að ráða nógu miklu? Sennilega er þetta hvort tveggja rétt að einhverju leyti. Í fyrri grein minni hér í Lesbókinni gat ég lauslega um starfssvið og hlutverk arkitekta. Þar nefndi ég, að ekki væru allir sammála um það, hvort arkitektúr væri listgrein. Þegar að er gáð, eru það þó oftast menn, sem lítinn áhuga hafa á mannlegu umhverfi, sem þræta fyrir það. Á ferli mínum, bæði sem verkfræðingur og arkitekt, hef ég t.d. því miður kynnst allt of mörgum verkfræðingum og tæknifræðingum, sem eru mjög neikvæðir gagnvart jákvæðri umhverfismótun og arkitektúr. En hvaða



Mykerinus-, Kefrens- og Keopspýramýdarnir.



Eitt af yngri hofum Egypta, byggt um 100 f.Kr. á eyju í Níl.